



KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Fossvogi · 105 Reykjavík · Ísland · Sími 551 8166 · Telefax 562 0244

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1519
komudagur 26.3.'98

25.03.1998

Svar við bréfi Gunnars Jakobssonar, nefndarritara, dag. 10.03.98

Undirritaður hefur lesið yfir frumvarp til laga um dánarvottorð o.fl. og hefur hann eina athugasemd.

Við 3.gr. laga nr. 36/1993 er gert ráð fyrir að ný málsgrein bætist við:

“Óheimilt er að setja lík andvanastædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki nema hlutaðeigandi prestur eða safnaðarstjóri hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu ákvæði sé fylgt.”

Undirritaður telur nauðsynlegt að starfsmanni/mönnum viðkomandi kirkjugarðs sé einnig tilkynnt um slíkt.

Skýring: Með því er tryggt að upplýsingarnar skili sér inn í dagbækur og legstaðaskrá viðkomandi kirkjugarðs og þar með er hægt að veita upplýsingar um slíkt, þegar frá líður.

Að síðustu má spyrja með hvaða hætti Hagstofan eigi eftir breytinguna að fá upplýsingar um hvaða prestur annist útför, hvaðan og hvenær útför hafi farið fram og hvar sé jarðsett. Hvaðan eiga sýslumenn að fá þessar upplýsingar – eða eiga þær ekki að vera til staðar?

Virðingarfyllst,

Þórsteinn Ragnarsson,
forstjóri.